

Mánudaginn 17. október 1988.

Nr. 53/1988. **Ákærvaldið**

(Halvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Magnúsi Einarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og

Friðþjófi Bragasyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1987, en meðákærðu í héraði vildu hlíta héraðsdómi.

Dóminum er áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu hans til refsí-
ákvæða.

Fram er komið að 3. apríl 1987 undirgekkst ákærði Magnús Einarsson réttarsátt að fjárhæð 9.000,00 krónur í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974; sbr. lög nr. 60/1980 og 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 22. janúar 1988 var ákærði, Magnús, dæmdur í 15 daga fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Loks var ákærði, Magnús, með dómi sakadóms Reykjavíkur 14. júlí 1988 sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki gerð refsing.

Refsing ákærða, Magnúsar, í þessu máli er hegningarauki við þá refsingu, er honum var gerð með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. desember 1987 fyrir afbrot framin í ágúst og október 1984 og mars 1985.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta refsíakvörðun hans að öðru leyti en því, að sektarrefsing hvors hinna ákærðu ákveðst 65.000,00 krónur og komi 25 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem í dóms-orði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Einarsson, sæti fangelsi í 2 ár og 4 mánuði og komi gæsluvarðhaldsvist hans, 13 dagar, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði, Magnús, greiði 65.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Magnús, greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði, Friðþjófur Bragason, sæti fangelsi í 2 ár og komi 14 daga gæsluvarðhald hans til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði, Friðþjófur, greiði 65.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 25 daga í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði, Friðþjófur, greiði skipuðum verjanda sínum, Haraldi Blöndal hæstaréttarlögmanni, 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allan annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. ágúst 1987.

Málið er höfðað á hendur X, Magnúsi Einarssyni, Klapparstíg 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. desember 1948, Friðþjófi Bragasyni,

Smyrlahrauní 43, Hafnarfirði, fæddum þar í bæ 24. október 1954, Y og Z fyrir eftirfarandi meint brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

„I. Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur.

Ákærðu er gefið að sök að hafa í október 1985 staðið saman að innflutningi á samtals 505,3 g af amfetamíni í ágóðaskyni. Ákærðu lögðu allir á ráðin um framkvæmd brotanna, skiptingu væntanlegs söluágóða og ákváðu verkaskiptingu með þeim hætti, að ákærði X aflaði fjár vegna efniskaupanna, ákærði Friðþjófur aflaði efnisins erlendis og sendi það hingað til lands og ákærði Magnús átti að sjá um sölu efnisins hérlandis:

1. Í fyrri hluta október lagði ákærði X fram um kr. 100.000,00 til efnisöflunar og 8. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar um 300 g af amfetamíni, flutti efnið til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Breka VE-61, sem kom til Vestmannaeyja 3. nóvember 1985, og fann lögreglan þá 289,8 g efnisins um borð í skipinu.

2. Í seinni hluta október lagði ákærði X fram kr. 150.000,00 til öflunar amfetamíns og 19. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar óvisst magn af amfetamíni, flutti það til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Karlsefni RE-24, sem kom til Reykjavíkur 31. október, og voru ákærðu handteknir þann dag á Grandagarði, er þeir fluttu 215,5 g af amfetamíninu úr skipinu.

II. Ákærði Y og Z.

Ofangreind meint háttsemi allra ákærðu er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 505,3 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Málsatvik:

Ákæruliður I, II

Ákærði X var yfirheyrður hjá lögreglu 11. nóvember 1985 og lýsti þá þessari meintu háttsemi er hér er ákært út af.

Ákærði X kvaðst hafa átt í fjárhagsvandræðum á árinu 1985 vegna fyrir-
tækja er ákærði kvaðst hafa tekið hátt í að setja á fót, en verið svikinn
í þeim viðskiptum. Ákærði X kvaðst síðan hafa sett sig í samband við með-
ákærða Magnús og hafi þeir rætt þann möguleika að bjarga fjármála-
vandræðum sínum með því að flytja fikniefni til landsins. Ákærði X kvaðst
síðan hafa sett sig í samband við meðákærða Friðþjóf og kvað ákærði X
meðákærða Friðþjóf hafa tekið vel undir hugmyndina um að flytja fikni-
efni til landsins.

Ákærði X bar um fjárútvægum sína til utanfarar þeirrar er um getur í
ákærulið I, 1. Ákærði X kvaðst þannig hafa fengið kr. 75.000,00 lán hjá
meðákærða Y og kr. 30.000,00 hjá öðrum nafngreindum aðila. Ákærði
X kvað meðákærða Friðþjóf hafa haldið til Amsterdam þann 8. október
1985 og keypt þar 250 - 300 grömm af amfetamíni er flutt var til Þýska-
lands og falið um borð í togaranum Breka er staddur var í höfn í Bremer-
haven.

Ákærði X var yfirheyrdur hér fyrir dómi 30. júní sl. og bar þá efnislega
á sama veg og rakið var og kvað þennan ákærulið vera réttan. Ákærði
kvað hafa verið ákveðið að skipta væntanlegum söluágóða fikniefnanna
í fjóra jafna hluta milli ákærðu X, Magnúsar, Friðþjófs og Y.

Ákærði Magnús Einarsson hefur borið efnislega á sama veg og ákærði
X, bæði undir frumrannsókn málsins svo og eftir útgáfu ákæru. Ákærði
Magnús var yfirheyrdur fyrir dómi 1. júlí sl. og kvað þá ákæruskjalið vera
rétt og staðfesti sína fyrri framburði og bar á sama veg. Ákærði Friðþjófur
bar og fyrir dómi 30. júní sl. á sama veg og hann hafði borið undir frum-
rannsókn málsins og viðurkenndi þannig að hafa tekið að sér fikniefnakaup
þau er um getur í þessum ákærulið. Ákærði Friðþjófur kvaðst hafa átt
að fá kr. 150.000,00 sem greiðslu fyrir ferðina 8. október 1985.

Ákæruliður I, 2.

Ákærði X bar um þessa meintu háttsemi við lögreglu yfirheyrslur 11.
nóvember 1985. Ákærði X kvað hafa komið á daginn að togarinn Breki,
er um getur í ákærulið I, 1, hélt rakið í slipp í Danmörku og fikniefnin
er falin voru um borð í skipinu þannig ekki væntanleg til landsins í brád.
Ákærði X kvað þá hafa verið ákveðið milli ákærðu X, Magnúsar og Frið-
þjófs að efna til farar þeirrar er í þessum ákærulið greinir.

Ákærði X lýsti fjáröflun sinni til fararinnar og lýsti m.a. tryggingu er
meðákærða Z lagði fram til tryggingar greiðslu lánsins. Ákærði X kvað
meðákærða Friðþjóf síðan hafa haldið flugleiðis til Amsterdam þann 19.
október 1985 og þar keypt 350-380 grömm af amfetamíni, er síðan var flutt
til Þýskalands og falið um borð í togaranum Karlsefni er lá við bryggju
í Bremerhaven.

Ákærði X var yfirheyrður hér fyrir dómi 30. júní sl. og bar þá á sama veg og rakið var og kvað þennan ákærulið réttan.

Ákærði Magnús hefur borið efnislega á sama veg og meðákærði X, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi 1. júlí sl.

Ákærði Friðþjófur hefur borið efnislega á sama veg og hinir tveir meðákærðu og kannast við að hafa framið háttsemi þá er hér er ákært út af. Ákærði Friðþjófur bar um þátt sinn í málinu síðast hér fyrir dómi 30. júní sl. og staðfesti þá fyrri framburði sína.

Ákæruliður II.

— — —

Niðurstöður:

Ákæruliður I.

Með framburðum ákærðu X, Magnúsar og Friðþjófs, sem vel eru studdir af öðrum gögnum máls þessa, telst sannað, að þessir ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá er hér er ákært út af, þó þannig að gert verður ráð fyrir því, að ákærði Friðþjófur hafi keypt 289,8 grömm af amfetamíni í Amsterdam, sbr. ákærulið I, 1, og 215,5 grömm af amfetamíni, sbr. ákærulið I, 2.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur stóðu þannig sameiginlega að innflutningi á 505,3 grömmum af amfetamíni í október 1985. Efnið var flutt inn í ágóðaskyni. Ákærðu lögðu allir á ráðin um framkvæmd brotanna, skiptingu væntanlegs ágóða af sölu efnisins og ákváðu verkaskiptingu með þeim hætti, að ákærði X aflaði fjár vegna efniskaupanna, ákærði Friðþjófur aflaði efnisins erlendis og sendi það hingað til lands og ákærði Magnús átti að annast sölu efnisins hérlandis.

Þessir þrír ákærðu stóðu þannig sameiginlega að tveim innkaupaferðum á fíkniefnum:

1. Í fyrri hluta október 1985 lagði ákærði X fram um kr. 100.000,00 til efnisöflunar og 8. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar 289,8 g af amfetamíni, flutti efnið til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Breka VE-61, sem kom til Vestmannaeyja 3. nóvember 1985 og fann lögreglan þá 289,8 g af amfetamíni um borð í skipinu.

2. Í seinni hluta október lagði ákærði X fram kr. 150.000,00 til öflunar amfetamíns og 19. október hélt ákærði Friðþjófur til Amsterdam, keypti þar 215,5 g af amfetamíni, flutti það til Bremerhaven og faldi það um borð í bv. Karlsefni RE-24 sem kom til Reykjavíkur 31. október, og voru ákærðu handteknir þann dag á Grandagarði er þeir fluttu 215,5 g af amfetamíni úr skipinu.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

Brot ákærðu X, Magnúsar og Friðþjófs varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 84, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Brot ákærðu Y og Z varða því við sömu ákvæði og brot ákæru X, Magnúsar og Friðþjófs, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur sammæltust um framningu brota sinna og verður það virt þeim til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þessir þrír ákærðu sammæltust þannig um innflutning mikils magns fíkniefna til landsins. Samkvæmt efnagreiningum Rannsóknarstofu í lyfjafræði dags. 6. og 8. janúar 1986 var styrkleiki efnanna er flutt voru til landsins ekki mjög mikill, en efnismagnið hins vegar mjög mikið. Ásetningur þessara þriggja ákærðu stóð allan tímann til þess að flytja til landsins amfetamín og réð tilviljun styrk efnisins sem samkvæmt framangreindum efnagreiningum var amfetamín sem er efni með mikla hættueiginleika.

Ákærði Magnús á samkvæmt sakavottorði dags. 14. maí 1987 að baki samfelldan brotaferil síðustu tuttugu ár. Ákærði Magnús hefur 24 sinum hlotið refsidóma og í fjölmörg skipti sáttir.

Óskilorðsbundin refsivist samkvæmt framangreindum dómum er meiri en 7 ár, mest fangelsisrefsing.

Vegna ákvörðunar refsingar í máli þessu er rétt að nefna sérstaklega eftirfarandi dóma og sátt, sbr. sakavottorð dags. 14. maí 1987:

1986 3/5 í Reykjavík. Áv. og fíkn. Sátt: 6.500,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974, sbr. l. nr. 60, 1980, og 9. gr. l. nr. 75, 1982, sbr. l. nr. 13, 1985, 77. gr. hgl., sbr. 2. og 10. gr. rg. 16, 1986.

1986 18/12 í Reykjavík. Dómur: 6 mán. fangelsi f. brot g. 231. gr. og 244. gr. hgl.

1986 22/12 í Reykjavík. Dómur: 8 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 245. gr. hgl. Hegn.auki.

1987 6/5 í Reykjavík. Dómur: 30 daga fangelsi f. brot g. 25. gr. og 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Friðþjófur hefur samkvæmt sakavottorði dags. 14. maí 1987 hlotið fimm refsisdóma auk þess að hafa gengist við sex dómsáttum. Ákærði Friðþjófur hefur ekki sætt refsingu síðan í október 1980.

Ákærðu X og Friðþjófur eiga að baki nokkurn brotaferil. Ákærði Magnús á að baki slíkan brotaferil svo sem rakið var að hann verður að teljast síbrotamaður.

Refsing ákærðu X, Magnúsar og Friðþjófs verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og að því er ákærða Magnús varðar verður einnig höfð hliðsjón af 78. gr. s.l. vegna refsinga er ákærði Magnús hlaut á árinu 1986 og 1987 og loks verður höfð hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga varðandi ákærða Magnús.

Með vísan til alls framanritaðs þykir refsing ákærðu X hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár og komi 12 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda, Jóni Magnússyni héraðsdómslögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000,00.

Með vísan til alls framanritaðs og brotaferils ákærðu Magnúsar þykir refsing hans hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár og 4 mánuði og komi 13 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði Magnús greiði skipuðum verjanda, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun.

Refsing ákærðu Friðþjófs þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár og komi 14 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði Friðþjófur greiði skipuðum verjanda, Jóni Ólafi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 7.467,00 vegna réttargæslu Atla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur frömdu brot sín með viðskiptasjónarmið í huga og er hverjum þeirra um sig gert að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985.

Greiði ákærðu ekki sektarrefsingar sínar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja þá komi fangelsi í 5 daga í sektar stað.

Ákærðu Y og Z sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal í 2 ár frá upp-
kvaðningu dóms þessa fullnustu refsingarinnar varðandi þau bæði, hald
þau almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4
gr. laga nr. 22, 1955, og refsingin síðan falla niður að þeim tíma liðnum.

Komi til afplánunar af hálfu ákærða Y komi 7 daga gæsluvarðhald til
frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Svo sem kröfugerð skipaðs verjanda ákærða Y var háttað verða ekki
dæmd málsvarnarlaun. Ákærði Y greiði kr. 11.914,00 vegna réttargæslu
Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur sæti upptöku á 505,3 grömmum af
amfetamíni, nú merkt efnaskrár nr. 1493 og 1499 í vörslum dómsins. Vísast
til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 vega upptökunnar.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur greiði in solidum kr. 22.089,00 vegna
efnagreininga.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur er að ofan greiði ákærðu in
solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 2 ár og komi gæsluvarðhaldsvist hans, 12
dagar, til frádráttar fangelsisrefsingu.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda, Jóni Magnússyni héraðsdóms-
lögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Magnús Einarsson sæti fangelsi í 2 ár og 4 mánuði og komi
gæsluvarðhaldsvist hans, 13 dagar, til frádráttar dæmdri fangelsisrefs-
ingu.

Ákærði Magnús greiði skipuðum verjanda, Kristjáni Stefánssyni
héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Friðþjófur Bragason sæti fangelsi í 2 ár og komi 14 dagar,
er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, til frádráttar dæmdri fangelsisrefs-
ingu.

Ákærði Friðþjófur greiði skipuðum verjanda, Jóni Ólafi Þórðarsyni
héraðsdómslögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun og kr. 7.467,00
vegna réttargæslu Atla Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur greiði hver fyrir sig kr. 10.000,00
í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 5 daga í stað sektarinnar verði
hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu Y og Z sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu
refsingarinnar í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa og hún niður falla
að þeim tíma liðnum varðandi bæði þessi ákærðu haldi þau hvort fyrir
sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga
nr. 22, 1955.

Komi til æfplánunar af hálfu ákærða Y, komi 7 daga gæsluvarðhald til frádráttar dæmdri refsivist.

Ákærði Y greiði kr. 11.914,00 vegna réttargæslu Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur sæti upptöku á 505,3 grömmum af amfetamíni, en efnið er nú merkt efnaskrár nr. 1493 og 1499 í vörslum dómsins.

Ákærðu X, Magnús og Friðþjófur greiði in solidum kr. 22.089,00 vegna efnagreiðinga. Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur hefur verið greiði ákærðu in solidum.

Mánudaginn 17. október 1988.

Nr. 338/1988. **Oliuverslun Íslands hf.**

gegn

Margréti Sverrisdóttur

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu dómsathöfn.

Sóknaraðili hefur samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 16. september sl., sem barst Hæstarétti 12. þ.m. Hin kærða áritun um frávisun málsins var gerð á bæjarþingi Reykjavíkur 5. september sl.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávisun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að taka málið til efnisúrlausnar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.